

# KALDALÓN

## AÐALFUNDUR 8. APRÍL 2022

### DAGSKRÁ OG TILLÖGUR STJÓRNAR

#### Dagskrá fundarins er eftirfarandi;

1. Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi félagsins síðastliðið rekstrarár.
2. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir síðastliðið rekstrarár.
3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á síðastliðnu rekstrarári
4. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins
5. Kjör endurskoðanda félagsins.
6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og undirnefnda
7. Samþykkt starfskjarastefnu félagsins
8. Önnur mál

#### Tillögur stjórnar Kaldalóns hf.;

##### 2. Ársreikningur

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2021 verði samþykktur.

##### 3. Arður

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til að ekki verður greiddur arður til hluthafa vegna næstliðins rekstrarárs.

##### 4. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn félagsins

Þeir einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér til stjórnarkjörs skulu með skriflegum hætti tilkynna stjórn félagsins um framboð eigi síðar en **fimm dögum fyrir aðalfund**. Í tilkynningu skulu frambjóðendur veita upplýsingar um nafn sitt, kennitölu, heimilisfang, aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu. Þá skulu frambjóðendur einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa félagsins sem eiga meira en 10% hlut í því.

Upplýsingar um frambjóðendur verða birtar á skrifstofu félagsins og vefsíðu félagsins eigi síðar en **tveimur dögum fyrir hluthafafund**.

##### 5. Kjör endurskoðanda félagsins

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund að Pricewaterhousecoopers ehf. verði kjörið sem endurskoðandi félagsins til næsta árs.

##### 6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og undirnefnda

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund að stjórnar- og nefndarlaun fyrir kjörtímabilið 2022 verði

þannig að þóknun hvers stjórnarmanns verði 250.000 kr. á mánuði og þóknun formanns stjórnar tvöföld þóknun stjórnarmanns.

Ekki er greitt sérstaklega fyrir setu í undirnefndum stjórnar.

#### 7. Starfskjarastefna

Stjórn Kaldalóns hf. leggur til við aðalfund félagsins að framlögð starfskjarastefna verði samþykkt, en stefnan er óbreytt frá starfskjarastefnu sem samþykkt var á hluthafafundi þann 16. desember 2021.

Reykjavík, 18. mars 2022

F.h. stjórnar Kaldalóns hf.

Jón Skaftason  
stjórnarformaður